

**Sp.**

## **292. Tillaga**

til þingsályktunar um gæzlu veiðarfæra fyrir Norðurlandi.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta varðskip eða varðbát hafast við að staðaldri fyrir Norðurlandi á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert, til þess að gæta veiðarfæra fiskimanna.

### **Greinargerð.**

Tillaga þessi er flutt eftir beiðni fjölmargra útgerðar- og sjómanna á Norðurlandi. Fram til þessa tíma hafa fiskimenn getað nokkurnveginn veitt í friði fyrir ágangi togara. En síðastliðin 2—3 ár hefir brugðið mjög til hins verra í þeim efnum, og hafa fiskimenn orðið fyrir miklu tjóni vegna þess að togarar hafa eyðilagt veiðarfæri þeirra.

Það virðist því vera full ástæða til þess, að ríkisstjórnin láti eitt af varðskipum ríkisins vernda veiðarfæri fiskimanna á þessum slóðum.

Þess skal getið, að fiskimenn frá Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Hrisey, Litla-Árskógssandi og Grenivík sækja um þetta leyti árs á svipaðar veiðistöðvar, og eftirlitið verður því af þeim sökum léttara.